

**Ed.**

## **125. Frumvarp**

til laga um samvinnufjelög.

Flutningsmenn: Sigurjón Friðjónsson, Einar Arnason og Hjörtur Snorrason.

### I. kafli.

#### *Almenn ákvæði.*

##### 1. gr.

Lög þessi gilda um öll fjelög, er starfa á samvinnugrundvelli, með því markmiði að efla hagsæld fjelagsmanna, í rjettu hlutfalli við þátttöku þeirra í fjelagsstarfinu, og hafa það verksvið og skipulag, sem nánar er tekið fram í eftirfarandi greinum.

##### 2. gr.

Verksvið samvinnufjelaga er:

1. Að kaupa vörur til heimilisþarfa handa fjelagsmönnum, eða hluti, er þeir þarfnast til afnota fyrir sjálfa sig, á þann hátt, að vöurnar fáið sem beinasta leið frá framleiðendum og sparist útgjöld við óþarfa milliliði (kaupfjelög, pöntunarfjelög).
2. Að selja afurðir af búum fjelagsmanna, eða vörur, er þeir framleiða sjálfir með eigin atvinnurekstri, enda sje lögð stund á vöruvöndun og hún háð opinberu eftirliti eða trygð á annan hátt (sláturfjelög, smjörbú).
3. Önnur starfsemi, svo sem almenn fræðsla, bygging hibýla fyrir fjölskyldur, starfræksla iðnaðarfyrirtækja og útvegum lána til atvinnureksturs.

##### 3. gr.

Aðaleinkenni á skipulagi samvinnufjelaga eru:

1. Aðgangur frjáls fyrir alla, er fullnægja ákveðnum skilyrðum.
2. Sameiginleg ábyrgð allra fjelagsmanna í öllum fjárreiðum fjelagsins.  
Þó nægir takmörkuð ábyrgð í þeim fjelögum, sem um er rætt í 2. og 3. lið 2. greinar.
3. Atkvæðisrjettur jafn, þannig að hver fjelagsmaður hafi eitt atkvæði, án tillits til eigna eða viðskilta í fjelaginu.
4. Í varasjóð greiðist árlegt fjártillag af óskiftum tekjum fjelagsins.
5. Tekjuafgangi í ársreikningi fjelags, er stafar af því, sem útsöluverð á keyptum vörum fjelagsmanna hefir verið ofan við kostnaðarverð, ellegar útborgað verð fyrir seldar vörur þeirra hefir reynst neðan við fullnaðarverð, skal úthlutað eftir viðskiftamagni hvors um sig.
6. Í stofnsjóð leggist sem sjereign fjelagsmanna nokkuð af tekjuafgangi þeim, er kemur í hans hlut við reikningslok.
7. Arður af viðskiftum, er utanfjelagsmenn kunna að hafa við fjelagið, skal

lagður í varasjóð, nema honum sje varið á annan hátt til almenningsparfa.

8. Vextir af innieignum fjelagsmanna, hvort heldur í stofnsjóði eða innlánsdeild, ellegar viðskiftareikningi, eigi hærri en  $1\frac{1}{2}\%$  ofan við innlánsvexti í bönkum, enda eigi úthlutað arði á annan hátt.
9. Nafnaskrá skal haldin fyrir fjelagsmenn, svo að jafnan sje fyrir hendi óræk skýrsla um fjelagatal.
10. Innstæðufje í óskiftilegum sameignarsjóðum sje ekki útborgað við fjelagslit, heldur skal það að loknum öllum skuldbindingum, sem á fjelagsheildinni hvila, ávaxtað undir umsjón hlutaðsigandi hjeradsstjórnar, uns samvinnufjelag eða samvinnufjelög með sama markmiði taka til starfa á fjelagssvæðinu. Fær það fjelag eða þau fjelög þá umráð sjóðseignarinnar, að áskildu samþykki sýslunefndar, eða bæjarstjórnar, og atvinnumálaráðherra.

## II. kafli.

### *Fjelagsstofnun.*

#### 4. gr.

Nú vilja menn stofna samvinnufjelag, og skulu þeir þá kveðja til almenns fundar á því svæði, sem fjelaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða.

Ef 15 menn eða fleiri koma sjer saman um fjelagsstofnun og bindast samtökum um að gerast fjelagsmenn, setja þeir fjelaginu samþykktir, í samræmi við lög þessi, og er þá fjelagið löglega stofnað.

#### 5. gr.

Í samþykktum skulu greind eftirfarandi atriði:

1. Heiti fjelagsins fullum stöfum og skammstafað heimilisfang og varnarþing.
2. Markmið fjelagsins og fyrirhugaðar framkvæmdir.
3. Tilhögun á stjórn fjelagsins og vald hennar í fjelagsmálum.
4. Deildarskipun fjelagsins, ef gert er ráð fyrir því fyrirkomulagi, og fulltrúakosning deilda.
5. Skipun framkvæmdarstjóra og starfsvið hans.
6. Vald og verkvið fjelagsfunda og á hvaða tímabili aðalfund skal halda ár hvert.
7. Sjóðstofnanir og lántökuheimildir.
8. Ábyrgð fjelagsmanna gagnvart skuldbindingum fjelagsins.
9. Reikningsskil, endurskoðun og úrskurðir reikninga.
10. Breytingar á samþykktum og viðaukar, svo og fjelagsslit.

#### 6. gr.

Jafnskjótt sem fjelag er stofnað og samþykktir settar, skal kjósa stjórn og endurskoðendur.

#### 7. gr.

Í samþykktum skulu ákveðin skilyrði fyrir inngöngu nýrra fjelagsmanna. Við inngöngu skrifar hver fjelagsmaður undir skuldbindingu um, að hann sje háður samþykktum fjelagsins eins og þær eru eða verða á hverjum tíma.

Inngöngueyrir er minst 10 kr., er rennur í varasjóð eða annan óskiftilegan sameignarsjóð.

#### 8. gr.

Enn fremur skulu í samþykktum ákveðin skilyrði fyrir úrgöngu úr fjelaginu, og ástæður, er heimili brottrekstur fjelagsmanna. Úrsögn sendist fjelagsstjórn og sömuleiðis tilkynning um andlát fjelagsmanns eða burtflutning af fjelagssvæði. Fjelagsmaður, er úr gengur, ber ábyrgð á þeim skuldbindingum fjelagsins, er á því hvildu, er hann gekk úr, þó eigi lengur en 2 ár frá næstu áramótum eftir úrgöngu, nema mál hafi risið út af skuld, er biði úrslita dómstólanna.

### III. kafli.

#### *Skrásetning.*

#### 9. gr.

Samvinnufjelag, sem er löglega stofnað, skal skrásett samkvæmt lögum þessum, og getur það þá fyrst öðlast rjettindi á hendur mönnum með samningi, og aðrir á hendur því.

Í fjelagi, sem ekki er skrásett, bera stjórnendur þess eða fjelagsmenn sem einstaklingar ábyrgð á þeim skuldbindingum, er þeir gera fyrir fjelagsins hönd.

#### 10. gr.

Skrásetning annast lögreglustjóri, þar sem fjelagið hefir heimilisfang. Atvinnumálaráðherra setur ákvæði um, hvernig skrásetningu skuli haga, og lætur gera eyðublöð undir tilkynningar til skrásetningar.

#### 11. gr.

Á mánaðarfresti eftir að fjelag er stofnað skal stjórn þess tilkynna það til skrásetningar. Fjelög, sem stofnuð eru áður en lög þessi öðlast gildi, hafa tilkynningarfrest frá fyrsta aðalfundi, sem tækifæri hefir haft til að breyta fjelagssamþykktum í það horf, sem lög þessi mæla fyrir. Í tilkynningu skulu greind þessi atriði:

1. Heiti fjelagsins, heimili og varnarþing.
2. Tilgangur fjelagsins og starfsemi.
3. Dagsetning fjelagssamþykta.
4. Full nöfn, staða og heimili stjórnenda og framkvæmdarstjóra.
5. Hver heimild hafi til að skuldbinda fjelagið með samningum og hvernig undirskrift sje hagað.

6. Hvernig boða skuli fjelagsmönnum fundi og birta þeim fundarályktanir eða önnur málefni, er þá varða.

Tilkynningu skulu fylgja samþykktir fjelagsins í 2 eintökum, svo og lögboðin gjöld.

12. gr.

Nú setur samvinnufjelag útibú í öðru lögsagnarumdæmi en heimili þess er, og skal fjelagið þá einnig skrásett þar. Tilkynning sje komin til lög-  
reglustjóra, þegar útibúið tekur til starfa, og skal auk þess, sem fyr greinir, geta þess, hver stýri útibúi og skuldbindi fjelagið vegna þess.

Ef fjelag setur útibú í sama lögsagnarumdæmi og heimili þess er, skal tilkynna til skrásetningar stofnun útibúsins og hver skuldbindi fjelagið vegna þess.

13. gr.

Ef samþykktum fjelags er breytt eða breyting verður að öðru leyti á því, sem tilkynnt hefir verið til skrásetningar, skal tilkynna lögreglustjóra breytinguna innan mánaðar. Bústaðaskifti þarf þó eigi að tilkynna, nema maður taki sjer hölfestu utanlands, nje heldur breytingu á heimilisfangi fjelags innan sama lögsagnarumdæmis. En sje heimili þess flutt í annað lögsagnarumdæmi, skal fjelagið skrásett þar.

14. gr.

Nú vantar í tilkynningu greinargerð um einhver þau atriði, sem skylt er að geta, eða henni er áfátt að öðru leyti, og skal lögreglustjóri birta það tilkynnanda, svo fljótt sem kostur er á, en fresta skrásetningu uns úr er bætt. Rjett er tilkynnanda að bera málið undir atvinnumálaráðherra eða leita úrlausnar dómstóla.

15. gr.

Tilkynningu til skrásetningar skal lögreglustjóri tafarlaust birta í Lög-  
birtingablaði á kostnað tilkynnanda.

Skrá yfir allar tilkynningar, sem auglýstar hafa verið á ári hverju, lætur atvinnumálaráðherra birta í B-deild Stjórnartíðinda.

16. gr.

Um firmu samvinnufjelaga fer samkvæmt ákvæðum firmalaganna.

Sama er um varnarþing, stefnubirting og stefnufrest í málum á hendur fjelagi.

17. gr.

Það sem skrásett hefir verið og birt samkvæmt lögum þessum, skal telja manni kunnugt, nema atvik sjeu svo vaxin, að telja megi hann hvorki hafa haft vitneskju um það nje að til þess verði ætlast af honum. Nú hefir lögskipuð birting eigi fram farið, og hefir skrásetningin þá eigi þýðingu gagnvart öðrum en þeim, er sannanlega höfðu vitneskju um hana.

#### IV. kafli.

##### *Fjelagsstjórn.*

###### 18. gr.

Fjelagsfundur hefir æðsta vald í málefnum fjelags, með þeim hætti, sem lög ákveða og samþykktir þess.

Einn aðalfund skal halda ár hvert. Aukafund getur fjelagsstjórn boðað, þegar henni þykir þess þörf. Enn fremur er stjórninni skylt að boða til aukafundar, ef fjórðungur fjelagsmanna eða þriðjungur fjelagsdeilda krefst þess skriflega og greinir fundarefni. Nú hefir stjórn eigi boðað fund innan 14 daga, eftir að henni barst krafan, og geta hlutaðeigendur þá sjálfir kvatt til fundar.

Dagskrá skal jafnan greina í fundarboði.

###### 19. gr.

Á fundum í fjelagi, sem er óskift heild, hafa atkvæði allir fjelagsmenn. En í fjelagi, sem skiftist í deildir, hafa fulltrúar deildanna einir atkvæðisrjett. Hve marga fulltrúa hver fjelagsdeild má senda á fund með fullu umboði, fer eftir tölu fjelagsmanna í deildinni, svo sem samþykktir fjelagsins nánar ákveða.

Aðalfundur er lögmætur, er meira en þriðjungur fjelagsmanna eða fulltrúar frá meira en helmingi fjelagsdeilda sækja fundinn, enda sje á fundinum meiri hluti þeirra fulltrúa, sem þar eiga atkvæðisrjett.

Úrslitum mála á fjelagsfundum ræður afl atkvæða, nema þar sem lög þessi eða fjelagssamþykktir mæla fyrir um aukinn meiri hluta.

###### 20. gr.

Á aðalfundi skal kjósa stjórn, aðalmenn og varamenn, og gengur varamaður til fulls í stjórnina, ef aðalmaður deyr, gengur úr fjelaginu eða vikur úr stjórninni á löglegan hátt, áður kjörtími hans er liðinn. Í samþykktum skal tiltaka tölu stjórnenda og kjörtíma, og sjeu þeir eigi færri en þrjú. Skulu þeir ganga úr á víxl, og aldrei meiri hluti á sama ári, nema óviðráðanleg atvik valdi.

Engan má kjósa í stjórn, nema hann sje fjelagsmaður.

###### 21. gr.

Stjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur stjórnenda er á fundi. Stjórnin fer með málefni fjelagsins milli funda samkvæmt lögum og samþykktum fjelagsins. Úrslitum ræður afl atkvæða, en sjeu þau jöfn, ræður atkvæði formanns.

Stjórnendur bera ábyrgð fyrir aðalfundi, einn fyrir alla og allir fyrir einn, nema sá, er látið hefir bóka ágreiningsatkvæði í gerðabók fjelagsins.

###### 22. gr.

Á aðalfundi skal kjósa tvo endurskoðendur og aðra tvo til vara. Kosning þeirra gildir um 2 ár, og ganga þeir úr sitt árið hvor.

Endurskoðendur skulu vera fjelagsmenn, en mega ekki vera í stjórn

fjelagsins. Þeim er skylt að sannprófa, að reikningum beri saman við bækur fjelagsins, enda eigi þeir aðgang að öllum bókum og skjölum, hve nær sem er á starfstíma fjelagsins, og er stjórninni skylt að veita þeim þær upplýsingar, sem þeim eru nauðsynlegar við framkvæmd starfsins. Enn fremur er það skylda endurskoðenda að hafa eftirlit með starfrækslu fjelagsins yfirleitt. Nú verða þeir varir við misfellur, er þeir álita fjelaginu stafi hætta af, og skulu þeir þá hlutast til um, að bót verði á ráðin, svo fljótt sem þörf krefur. En takist það eigi, skulu þeir kveðja til fundar í fjelaginu og bera málið þar upp til úrlausnar.

Endurskoðendur bera ábyrgð fyrir aðalfundi.

### 23. gr.

Reikningsár fjelagsins er almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið svo timanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en ársfundur er haldinn.

Á aðalfundi skal ávalt leggja fram endurskoðaða reikninga fyrir umliðið ár og taka ákvörðun um þá. Nú fellir fundurinn tillögu um að samþykkja reikninga, og getur hann þá ákveðið, að yfirskoðun skuli fram fara eftir þeim reglum, er fundurinn setur. Að þeirri yfirskoðun lokinni, skal af nýju boða til fundar, er tekur fullnaðarákvörðun um reikningana.

## V. kafli.

### *Skyldur og rjellindi.*

### 24. gr.

Árgjald í varasjóð fjelags og aðra óskiftilega tryggingarsjóði skal ákveða í samþykktum, eigi minna samtals en svarar 1% af viðskiftaveltu. — Vexti af innstæðu skal árlega leggja við höfuðstól. Fje má ekki greiða úr varasjóði, nema eftir tillögu fjelagsstjórnar, í samráði við endurskoðendur og með samþykki aðalfundar, enda sjeu tillögunni fylgjandi eigi færri en  $\frac{2}{3}$  þeirra fjelagsmanna eða fulltrúa, sem atkvæðisrjett eiga á fundinum.

### 25. gr.

Í samþykktum skal ákveða árlegt tillag í stofnsjóð fjelagsins, hve mikið það skuli vera frá hverjum fjelagsmanni og hvernig það skuli greitt. Má það eigi nema minna en svarar 3% af verði aðkeypra vara í þeim fjelögum, er hafa vörukaup sem aðalverksvið. Fje stofnsjóðs skal notað sem veltufje í þarfir fjelagsins, og skulu vextir lagðir við höfuðstólinn um hver áramót.

Stofnsjóðseign hvers fjelagsmanns er skylt að greiða:

- a. Við andlát hans.
- b. Við burtflutning af fjelagssvæði.
- c. Við brottrekstur úr fjelaginu.
- d. Verði hann fátækrastyrksþurfi.

Pegar stofnsjóðseign fjelagsmanns verður meiri en svo, að nemí árlegri úttekt hans, eins og hún hefir verið að meðaltali 5 næstliðin ár, má

greiða það, sem umfram er, enda hafi hann ekki skift við fjelagið skemur en 15 ár.

Aldrei má þó borga út stofnsjóðseign, fyr en eigandi hefir int af hendi allar fjármunalegar skuldbindingar, er á honum hvila sem fjelagsmanni.

Að öðru leyti er stofnsjóðsfje óuppsegjanlegt, og verður ekki selt nje af hendi látið á annan hátt, nema með samþykki fjelagsstjórnar.

#### 26. gr.

Samvinnufjelög með samábyrgð hafa heimild til að stofna og starfrækja innlánsdeild, er tekur við innlögum frá fjelagsmönnum til ávöxtunar. Um útborganir á innlögum fer eftir ákvæðum fjelagssamþykta.

Til tryggingar fyrir fje því, sem lagt er í innlánsdeild, er varasjóður fjelagsins og aðrar eignir þess, ásamt sameiginlegri ábyrgð fjelagsmanna.

#### 27. gr.

Heimilt er samvinnufjelögum, er leysa borgarabryf, að hafa verslunarviðskifti við utanfjlagsmenn, hvort heldur er aðaldeild fjelagsins eða útibú. Enn fremur er þeim heimilt að hafa útsölastaði í sama kaaptúni, svo marga sem viðskiftaþörf krefur.

#### 28. gr.

Samvinnufjelög, sem uppfylla ákvæði þessara laga, greiði skatta er hjer segir:

##### *A. Til rikissjóðs.*

1. Skatt af löndum, löðum og öðrum fasteignum, eftir því sem lög ákveða.
2. Tekjuskatt af arði, sem leiðir af viðskiftum utanfjlagsmanna.

##### *B. Til sveitar- og bæjarsjóða:*

1. Skatt af löðum og öðrum fasteignum, eftir því sem lög mæla fyrir.
2. Útsvar af arði, sem leiðir af skiftum við utanfjlagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn á staðnum, samkvæmt skýrslu, er fjelagið gefur skattanefnd. En vanræki fjelagið þetta framtal, skal skattanefnd áætla tekjur af þessum viðskiftum, og byggist útsvarið á þeim.
3. Fastan skatt 1% af virðingarverði þeirra húsa, sem fjelagið notar við starfrækslu sína. Þó skulu ekki þar með talin hús, sem notuð eru til líknanstarfsemi eða fræðslu, t. d. sjúkrahús, bókasöfn, skólar o. s. frv. Skatturinn fellur jafnt á, hvort sem fjelagið á húseignina eða tekur hana á leigu, og skal jafnan vera bygður á síðasta fasteignamati.

## VI. kafli.

### *Samvinnusambönd.*

#### 29. gr.

Ef 3 eða fleiri samvinnufjelög með líku verksviði koma sjer saman um að mynda samband sem sjerstakt fjelag, skulu um stofnun þess, skrásetningu og skipulag gilda sömu ákvæði sem um samvinnufjelög yfirleitt, að því leyti sem þau eiga við.

Hvert það fjelag, sem fullnægir ákvæðum laga þessara og skilyrðum þeim, er sambandið setur, hefir rjett til upptöku.

#### 30. gr.

Æðsta vald í sambandsmálum er í höndum fulltrúafunda. Fulltrúar eru kosnir af fjelögum þeim, sem eru í sambandinu, og fer tala þeirra, er hvert fjelag má senda á sambandsfund, eftir tölu fjelagsmanna, svo sem samþyktir sambandsins nánar ákveða.

Einn aðalfund skal halda ár hvert, og aukafundi þá er stjórn þess þykir nauðsyn á eða meiri hluti fulltrúa óskar. Sambandsfundur er lögmætur, þegar meiri hluti fulltrúa sækir fundinn. Úrslitum mála ræður afl atkvæða, nema þar sem lög þessi eða sambandssamþyktir mæla fyrir um aukinn meiri hluta.

#### 31. gr.

Sambandsstjórn skal kosin á aðalfundi, og sjeu í henni eigi færri en þrjár menn. Stjórnin boðar til fulltrúafunda og undirbýr fundarmálefni, framkvæmir fundarályktanir og annast störf milli funda, leggur fyrir aðalfund endurskoðaða reikninga sambandsins fyrir næsta ár á undan, hefir umsjón með sjóðeignum, húsum, áhöldum og öðrum eignum, og gætir hagsmuna sambandsins í öllum greinum.

Sambandsstjórn ræður framkvæmdarstjóra til þess að standa fyrir starfrækslu sambandsins, sjá um viðskifti og annast reikningsskil. Hún gerir við hann starfssamning, er skal lagður fyrir fulltrúafund til álita.

#### 32. gr.

Endurskoðun reikninga hafa á hendi tveir menn, er aðalfundur kys. Þeir skulu rannsaka reikningsskil, starfrækslu og allan hag sambandsins. Tillögur þeirra skulu lagðar fyrir aðalfund til úrskurðar ásamt ársreikninginum.

Heimilt er sambandsstjórn að hafa eftirlit með öllum fjelögum í sambandinu, á þann hátt að láta trúnaðarmann sinn rannsaka reikninga þeirra, starfshætti og efnahag. Yfirskoðunarmaður þessi hlutast til um, að bót sje á ráðin, ef misfellur eru, og gefur fjelagsstjórn leiðbeiningar í því, sem betur má fara, en lætur sambandsstjórn í tje skýrslu um árangur af rannsókninni.

## VII. kaflí.

### *Fjelagsslit.*

#### 33. gr.

Samvinnufjelagi skal slita, ef ályktun um það er samþykkt á tveim lög-  
mætum fjelagsfundum í röð og henni eru fylgjandi eigi færri en  $\frac{2}{3}$  atkvæð-  
isbærra fundarmanna, enda hafi málið verið borið undir fjelagsmenn milli  
funda og samþykkt af þeim með meiri hluta atkvæða.

#### 34. gr.

Þegar fundur ákveður fjelagsslit, getur hann annaðhvort afhent fje-  
lagið skiftarjetti til meðferðar eða kosið skilanevnd til þess að fara með mál  
fjelagsins, meðan á fjelagsslitinu stendur. Í skilanevnd er einn maður eða fleiri,  
löggiltir af dómsmálaráðherra. Skilanevnd kemur í stað stjórnar fjelagsins og  
hefir samskonar vald og skyldur og ábyrgð. En fjelagsfundur getur sett nefnd-  
armenn frá starfinu, hve nær sem er. Meðan skilanevnd stjórnar fjelagi, gilda  
reglur laga þessara um fjelagsfundi, reikningsskil og endurskoðun.

Um meðferð skilanevndar á fjelagsbúi gilda ákvæði skiftalaganna, að  
því leyti sem við á, og ber skilanevnd að haga störfum sínum eftir þeim. Fje-  
lagsslit skal jafnan tilkynna lögreglustjóra, og skal hann þá afmá skrásetningu  
fjelagsins.

#### 35. gr.

Sömu aðiljar, sem ráða fjelagsslitum, geta stöðvað þau á hvaða stigi  
sem er, fengið fjelagsbúið aftur afhent sjer í hendur og haldið áfram starf-  
semi fjelagsins af nýju. En þar að lútandi ályktun skal vera samþykkt með  
sama hætti og hin upphaflega ályktun um fjelagsslitin.

#### 36. gr.

Stjórn samvinnufjelags er rjett og skylt að framselja bú þess til gjald-  
protaskifta á sama hátt, sem einstakur maður getur gert eða er skyldur að  
gera um bú sitt. Á henni hvila samsvarandi skyldur sem einstökum mönn-  
um til þess að veita skiftarjetti upplýsingar um búið, enda liggur sama við,  
ef út af er brugðið.

Skiftarjettur skal tilkynna til skrásetningar upphaf og lok gjaldprotaskifta.

#### 37. gr.

Ef svo ber til, að samvinnufjelag, sem skrásett hefir verið, fullnægir  
ekki grundvallarákvörðun laga þessara, og þess er ekki kostur að koma því  
aftur í löglegt horf, er stjórn fjelagsins skylt, innan eins árs, að tilkynna það  
lögreglustjóra, svo að skrásetning þess verði afmáð, enda nýtur það úr því  
engra rjettinda samkvæmt lögum þessum.

#### 38. gr.

Bækur fjelags, sem slitið er, eru ríkiseign, og skal afhenda þær á þjóð-  
skjalasafnið. Sama gildir um bækur annara fjelaga, sem orðnar eru eldri en  
svo, að nota þurfi í þarfir fjelagsins.

## VIII. kafli.

### *Ymisleg ákvæði.*

#### 39. gr.

Ef stjórnendur eða skilanevndarmenn herma visvitandi rangt eða villandi í skýrslum, reikningum, auglýsingum eða yfirlýsingum til fjelagsfunda eða forráðamanna, eða í tilkynningum til skrásetningar, skulu þeir sæta sektum eða fangelsi, nema verkið varði þyngri refsingu að lögum.

Sömuleiðis liggja sektir við, ef þeir herma visvitandi eða af stórfeldu gáleysi rangt eða villandi í öðrum skjölum, viðskiftabréfum, umburðarbréfum eða tilkynningum um eignir og efnahag fjelags, er þeir stýra.

Enn fremur varðar það sektum að vanrækja tilkynningu lögum þessum samkvæmt.

#### 40. gr.

Mál út af brotum þeim, sem um er rætt í undanfarandi grein, skulu rekin sem almenn lögreglumál. Sektir renna í rikissjóð.

#### 41. gr.

Gjöld fyrir störf þau, sem lögreglustjórum eru falin í lögum þessum, renna í rikissjóð, og eru þau sem hjer segir:

- a. Fyrir skrásetningu fjelags, sem eigi hefir verið skrásett áður . . . kr. 30,00
- b. Fyrir skrásetningu útibús . . . . . — 20,00
- c. Fyrir skrásetningu breytinga eða viðauka við eldri skrásetningu . — 15,00
- d. Fyrir að afmá skrásetningu greiðist helmingur af ofanrituðum gjöldum.

#### 42. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1922.

### A t h u g a s e m d i r .

Samkvæmt álitum yfirdómsins í máli nr. 51 árið 1916, bæjarstjórn Reykjavíkur gegn Sláturfjelagi Suðurlands, 51/1916, þekkir íslensk löggjöf ekki hugtakið samvinnufjlag. Samt hafa þessi fjelög starfað hjer á landi hjer um bil 40 ár, eru til í hverju einasta kjördæmi landsins og mörg í sumum. Meira en helmingur allra Íslendinga er á einn eða annan hátt starfandi í samvinnufjelögum.

Þessi aðstaða til lögjafarinnar er mjög óheppileg, af því að samvinnufjelögin eru mjög frábrugðin öðrum fjlagsskap, ef litið er á starfshætti og skipulag. Að sumu leyti starfa fjelögin eins og opinber fyrirtæki. T. d. er ein af algengustu mótbárum gegn því, að landið fáist við verslun, einmitt sú, að samvinnufjelögin haldi verðlagi í landinu á rjettum kili. Þjóðfjelagið geti þess vegna sparað sjer fyrirhöfn og áhættu á því sviði. Þá má og segja, að minkuð útgjöld við daglega eyðslu, sem samvinnufjelögin koma til leiðar, en almennigur nýtur hlunnindanna af, sje þjóðbatandi í fylsta skilningi orðsins.

Samvinnufjelögunum hefir yfirleitt farnast vel, án sjerstakrar lagaverndar. Þó hafa á stöku stöðum verið stofnuð fjelög með lítilli fyrirbyggju og orðið slys að (Ólafsvík, Keflavík). Því lík mistök má alloft fyrirbyggja með almennum lagaákvæðum. Það er nauðsyn, bæði vegna þeirra, sem líða við óhöpp sjálfs fjelagsins, en líka vegna hinna mörgu heilbrigðu fjelaga, sem fá óverðskuldað álas, ef einhverju samskonar fjelagi farnast miður vel.

Þar sem nú samvinnufjelögin gripa svo mjög inn í líf þjóðarinnar, eru frábrugðin öllum öðrum fjelagsskap í landinu að skipulagi og vinna almenningi mikið gagn, bæði beint og óbeint, er það ekki nema sjálfögd krafa til þjóðfjelagsins, að það láti þau njóta fullkominnar verndar landslaganna. Til þess þarf að lögta almenn samvinnulög. Og þar sem nú hliðstætt frumvarp um hlutafjelög er lagt fyrir Alþingi, er mjög heppilegt að hin almennu samvinnulög sjeu lögtekin um leið.

Flestar aðrar þjóðir hafa slíka löggjöf. Bretar fengu sín fyrstu samvinnulög 1852, fáum árum eftir að hin fyrstu kaupfjelög mynduðust þar í landi. Hafa lög þessi oft verið endurbætt, síðast svo að um munaði 1893. Telja Bretar þessa löggjöf hafa verið óhjákvæmilegt lífsskilyrði fyrir samvinnufjelögin þar í landi. Þjóðverjar fengu sín samvinnulög 1889. Svíar hafa samvinnulög frá 1911. Finnar, Belgir, Svisslendingar og Ítalir hafa hliðstæða löggjöf. Danir og Norðmenn eru hjerumbil hinar einu Evrópuþjóðir, fyrir utan Íslendinga, sem ekki hafa enn samvinnulöggjöf, og er þó ekki sama ástæðan í báðum löndunum. Andstæðingar dönsku samvinnufjelaganna hafa lagt töluverða áherslu á að fá slíka löggjöf. En samvinnumenn Dana hefir grunað, að tilgangurinn væri sá, að gera lögin þannig úr garði, að þau yrðu sjötur á fjelagsskapinn. Jafnvel að inn í þau lög ætti að koma óheppilegum ákvæðum um gjaldskylduna. Þeir vilja þess vegna heldur engin lög heldur en ósanngjörn lög. Er og þess að gæta, að í Danmörku eru fjelögin betur trygð en í flestum öðrum löndum, með hinum almennu skattalögum. Aftur á móti hafa norsku samvinnumennirnir hvað eftir annað skorað á stjórn landsins að leggja almenn samvinnulög fyrir Stórþingið. Verða varla bornar bríður á, að sama þörf sje hjer á landi fyrir hendi um lagasetningu í þessu efni eins og hjá öðrum þjóðum.

#### Um I. kafla.

Í fyrsta kafla er gerð grein fyrir hverskonar fjelög það eru, sem lögin eiga að ná til, og hefir þótt nauðsynlegt að lýsa að nokkru verksviði þeirra og skipulagi.

#### Um 2. gr.

Hingað til hafa samvinnufjelög hjer á landi aðallega fengist við tvent, að afla fjelagsmönnum nauðsynja og koma vörum þeirra í verð. En eftir því sem fjelagsskapur þessi nær meiri þroska, má búast við, að þau færist meira í fang og taki að sjer fleiri verkefni, svo sem bent er til með nokkrum dæmum í 3. lið greinarinnar.

### Um 3. gr.

Jafnvel þó samvinnufjelög sje engan veginn öll steypt í sama móti, hafa þau eigi að síður mörg sameiginleg einkenni, sem gera þau frábrugðin öðrum fjelögum, t. d. hlutafjelögum, sem stofnuð eru og rekin í gróðaskyni.

Í greininni er tekið upp yfirlit yfir helstu atriðin, sem sjerkenileg eru fyrir samvinnufjelög. Meðal þeirra má nefna 1. lið, um frjálsan aðgang fjelagsmanna án beinna fjárframlaga af þeirra hendi, að undanskildum inngöngueyri, sem naumast er teljandi í því sambandi. Enn fremur má nefna 3. lið, um jafnan atkvæðisrjett, án tillits til inneigna, sem á að varna því, að einstakir menn, er meiri hafa fjárráð, nái valdi yfir fjelaginu og beri aðra minni máttar ofurliði. Þá er ákvæði 6. liðs, að árlega sje haldið eftir sem sjereign fjelagsmanns nokkrum hluta af því, sem hann vinnur, eða rjettara sagt sparar, á viðskiftum sínum við fjelagið, móts við samskonar viðskifti annarsstaðar, í því skyni, að umrædd framlög, er ávaxtast í stofnsjóði fjelagsins, sjeu notuð sem starfsfje í þess þarfir. Samkvæmt 8. lið er úthlutun á arði af inneignum bundin þeim takmörkum, að hann sje aldrei til muna meiri en algengir vextir, og er það ákvæði sett til þess að varna því, að fjelagið geti orðið gróðafyrirtæki einstakra manna. Loks má benda á það ákvæði í 10. lið, að við fjelagsslit skuli innstæðufje í sameignarsjóðnum, og þar með arður af viðskiftum við utanfjelagsmenn, lagt til almenningsparfa í sjerstöku augnamiði.

Öll þessi grundvallaratriði miða að því að greiða fyrir fjelittlum mönnum og bæta aðstöðu þeirra til þess að hafa not af fjelagsskapnum, til jafns við þá, sem efnaðri eru, með því að gera öllum, fátækum sem rikum, jafnt undir höfði:

Þá er samábyrgð fjelagsmanna, sem um er rætt í 2. lið, þýðingarmikið atriði í skipulagi samvinnufjelaga. Til grundvallar fyrir benni liggur sú skoðun, að á móts við rjettinn til að njóta hagnaðar af fjelagsskap, þegar vel gengur, eigi að koma skylda til að bera skaða þann, er fjelagsskapurinn kann að hafa í för með sjer, ef illa fer, án þess að hann sje látinn lenda á óviðkomandi mönnum, sem skifti hafa við fjelagið, þegar fjártjón ber að höndum. En eftir öllum horfum á það langt í land, að þessi skoðun verði að rikjandi rjettarmeðvitund ráðandi manna í viðskiftalífi, enda er það vitanlegt, að á mörgum sviðum vantar mikið á, að hugsjónin um rjettmæli samábyrgðar sje orðin samgróin almennum hugsunarhætti. Með tilliti til þess, er hjer að eins farið fram á að lögleiða samábyrgðarskyldu þeirra samvinnufjelaga, er hafa með höndum innkaup á vörum. Ber tvent til þess, að rjettmætt þykir að láta tjeð ákvæði gilda sjerstaklega um slík fjelög, fyrst það, að meðan þau eru ekki búin að safna í sjóð nægu rekstursfje, þurfa þau öðrum fremur á miklu lánstrausti að halda, svo að þeim er áriðandi að efla það með góðum tryggingarskilyrðum, og annað það, að sameiginleg ábyrgð er þegar á komin í flestum þeim innkaupafjelögum, sem nú eru starfandi hjer á landi.

### Um II. kafla.

Ákvæði annars kafla, um stofnun samvinnufjelaga, lúta fyrst og fremst að því, að öllum, sem þess æskja, gefist kostur á að taka þátt í fjelagsskapnum þegar frá upphafi og vera með í ráðum um fyrirkomulag hans. Og í annan stað eiga

þau að stuðla til þess, að ávalt sje skýlaus vissa fyrir því, hverjir njóti fjelagsrjettinda eða sjeu háðir fjelagsskyldum.

Um 4. gr.

Frjálslegast þykir, að fjelagsstofnun sje jafnan borin upp á almennum fundi. Kemur þá til álita, hvað fjelagsmenn mega fæstir vera. Í sænskum samvinnulögum er lágmarkið 5 og í enskum lögum 7. Hjer er talan sett 15, með það fyrir augum, að ekki sje stofnað til smáfjelaga á sama svæði, frekar en þörf gerist eftir staðháttum eða annari aðstöðu.

Um 5. gr.

Við stofnun fjelags er sjálfsagt að selja fastar reglur um alt fyrirkomulag þess inn á við og út á við, og eru hjer talin upp þau atriði, sem skylt er að kveða á um í slíkum samþykktum. Mega þau ákvæði hvergi fara í bága við lög þessi, en að öðru leyti er hverju fjelagi í sjálfs vald sett að haga þeim eftir vild sinni.

Um 6. gr.

Þá leiðir það af sjálfu sjer, að ekkert fjelag getur tekið til starfa, nema lögmet stjórn sje kosin, og sömuleiðis fer vel á því, að kosning endurskoðenda fari þá fram um leið, svo að þeir geti sem best fylgst með framkvæmdum stjórnarinnar frá byrjun.

Um 7. gr.

Til þess að koma í veg fyrir ágreining um rjettindi og skyldur fjelagsmanna, þykir nauðsynlegt, að þeir við inngöngu í fjelagið undirskrifti skuldbindingu þar að lútandi, auk þess sem þeir, til merkis um að þeir sjeu löglegir fjelagsmenn, greiða áskilinn inngöngueyri.

Um 8. gr.

Að sjálfsögðu geta þeir, sem segja sig úr fjelagi eða ganga úr því af öðrum ástæðum, ekki losnað við ábyrgð á þeim skuldbindingum fjelagsins, er þeir hafa verið háðir fram að úrgöngu, og má búast við, að það taki stundum alllangan tíma að gera það upp til fullnustu; að visu mundi oftast nægja eins árs frestur, ef málssókn er ekki til tafar. En til vonar og vara er fresturinn hjer settur tvö ár, og er það á valdi aðalfundar, eftir tillögum fjelagsstjórnar, að stytta frestinn, ef ástæður mæla með.

Um III. kalla.

Það hefði mátt komast hjá því að hafa þriðja kafla, um skrásetningu samvinnufjelaga, jafnítarlegan, með því að vísa til samskonar ákvæða í firmalögum. En sumpart hafa þau ákvæði ekki þótt allskostar viðeigandi, og enn fremur hefir að sumu leyti þótt hentugra að taka aðalákvæðin upp í þessi lög sem eina heild.

Um 9. gr.

Hjer er skrásetningarskylda lögð á öll samvinnufjelög, sem lög þessi taka til. Af því leiðir, að hvert það fjelag, sem ekki er tilkynt til skrásetningar, fer á mis við þá vernd og rjettindi, er lögin veita, og getur ekki heldur skuldbundið sig sem heild.

Um 10. gr.

Það hefir komið til álita, hvort eigi væri rjett að hafa eina fjelagsskrá fyrir land alt. En jafnvel þó sú tilhögun hefði ýmsa kosti, hefir samt sem áður sú orðið niðurstaðan, að skrásetning fari fram í hverju lögsagnarumdæmi, þar sem fjelag er eða útibú þess.

Um 11. gr.

Eitt af fyrstu skylduverkum hveffrar stjórnar, sem kosin er til þess að veita nýstofnuðu fjelagi forstöðu, er að tilkynna það til skrásetningar, og skal sú tilkynning vera komin í hendur lögreglustjóra innan mánaðar frá stofnun fjelagsins. En að því er snertir fjelög, sem stofnuð eru áður en lög þessi öðlast gildi, telst tilkynningarfrestur frá næsta aðalfundi, þá er tækifæri hefir verið til, ef þörf gerist, að breyta fjelagssamþyktum í það horf, sem lög þessi mæla fyrir.

Um 12. gr.

Ávalt þegar útibú er sett á stofn, er skylt að tilkynna það til skrásetningar, en sá munur gerður, að ef útibúið er í öðru lögsagnarumdæmi, ber að skrásetja þar einnig aðalfjelagið.

Um 13. gr.

Þegar tilkynt er breyting á samþyktum eða viðauki, leiðir það af niðurlagsákvæði 11. gr., að tilkynningunni skulu fylgja samþyktir um breytinguna eða viðaukann í 2 eintökum.

Um 14. gr.

Að vísu ætti það að vera áhugamál hveffrar fjelagsstjórnar að láta tilkynningu vera svo fullkomna, að eigi sje ástæða til synjunar eða frestunar á skrásetningu. En komi fyrir ágreiningur út af því, er stjórninni heimilt að leita úrlausnar dómstóla, hvort heldur þegar í stað eða eftir að málið hefir verið borið undir ráðherra.

Um 15.—17. gr.

Ákvæði 15. og 17. gr. svara til 4. og 7. gr. laga 13. nóv. 1903, um verslunarskrár, firmu- og prókúruumboð.

Að því er snertir 16. gr., vísast til annars kafla og 34. gr. tjeðra laga.

Um IV. kafla.

Til þess að koma á sem fylstu samræmi í stjórnarfyriirkomulagi samvinnu-

fjelaga, að því leyti sem starfshættir og aðrar ástæður leyfa, er í 4. kafla safnað saman aðaldráttum um fjelagsstjórn, fundi, reikningssskil og endurskoðun. Í því efni er einkum haft tvent fyrir augum, fyrst og fremst það að lögfesta grundvallarreglur, er öllum fjelögum sje skylt að hlíta, og því næst það, að slá föstum þeim ákvæðum, sem eftir eðli sínu eiga jafnt við öll fjelög, er hjer koma til greina.

#### Um 18. gr.

Hjer er tekið upp það nýmæli, að ef fjelagsstjórn skellir skolleyrum við kröfu frá lögmætum hluta fjelagsmanna eða fjelagsdeilda um fundarhald til að fjalla um ákveðið efni, þá geti þeir kvatt til fundar, sem krefjast hans. Og er þetta ákvæði sett til þess, að stjórn geti ekki að ófyrirsynju þagað í hel eða dregið á langinn mikilsvarðandi málefni, sem ef til vill snertir aðgerðir hennar sjálfar.

#### Um 19. gr.

Í ýmsum fjelögum hefir það komist á, og jafnvel verið gert að gildandi ákvæði, að á fulltrúafundum hafi stjórnendur atkvæðisrjett, þó að þeir sjeu ekki kjörnir fulltrúar. En með því að sú tiska virðist ekki allskostar rjettmæt, er hjer farið fram á að afnema hana.

Í annan stað hefir tala þeirra fulltrúa, er einstakar deildir mega senda á fund, í mörgum fjelögum verið miðuð við innieign eða viðskiftamagn. En í samræmi við það, sem þessi lög leggja til grundvallar fyrir atkvæðisrjetti einstaklinga, virðist það eitt rjett, að fulltrúatala fari eftir tölu fjelagsmanna.

#### Um 20. gr.

Ákvæði greinarinnar um, að ekki megi meiri hluti ganga úr stjórn á sama ári, miðar að því að halda frekar en ella festu og samkvæmni í stjórnarstörfum.

Um hæfileika stjórnenda er það eitt áskilið, að þeir sjeu fjelagsmenn. En jafnframt er gengið að því vísu, að þeir uppfylli almenn skilyrði fyrir trúnaðarstörfum, svo sem lögræði, óflekkað mannorð o. s. frv.

#### Um 21. gr.

Sem aðalregla gildir það ákvæði, að stjórnendur beri ábyrgð á gerðum sínum, einn fyrir alla og allir fyrir einn. En sanngirni virðist mæla með því, að sá, sem gerir ágreiningsatkvæði, sje laus við ábyrgð, ef hann lætur bóka það í gerðabók.

#### Um 22. gr.

Starf endurskoðenda á ekki eingöngu að vera bundið við rannsókn á reikningsfærslu, svo sem oft vill við brenna um endurskoðun, heldur ber þeim einnig að hafa eftirlit með starfrækslu. Að öðru leyti er sama að segja um þá og stjórnendur, að gengið er að því vísu, að þeir fullnægi almennum skilyrðum fyrir trúnaðarstarfi, og er það því eitt tekið fram um hæfileika þeirra, að þeir megi ekki vera í fjelagsstjórn.

#### Um 23. gr.

Ef aðalfundur fellir tillögu um að samþykkja reikninga, þrátt fyrir það þó tillögunni fylgi sá fyrirvari, að fullnægt verði úrskurðum um athugasemdir,

má gera ráð fyrir því, að endurskoðun þyki ófullkomin, og er það þá í valdi fundarins að kjósa aðra menn til að framkvæma yfirskoðun, áður en reikningarnir eru samþykktir.

#### Um V. kafla.

Ákvæði þau, er fimti kafli hefir inni að halda um rjettindi og skyldur samvinnufjelaga, snerta ýmisleg atriði, sem eftir eðli sínu má skifta í tvo flokka. Annars vegar eru sjóðstofnanir og aðrir útvegir til þess að afla nauðsynlegs tryggingarfjár og rekstursfjár, er verður að safnast smátt og smátt, þar sem fjelögin eiga ekki ráð á neinum fjárframlögum frá stofnendum eða öðrum fjelagsmönnum til að byrja með starfsemi sína. Hins vegar eru skattar þeir, er á fjelögunum eiga að hvíla til almennra þarfa.

#### Um 24. gr.

Varasjóður er nauðsynlegur til tryggingar í hverju fjelagi, til að mæta ófyrirsjáanlegum óhöppum. Hefir vöntun slíkra sjóða stundum verið bagaleg. Að vísu hafa þessi fyrirtæki oft verið búin að borga sig, og stundum mörgum sinnum. En fjelagsmönnum kemur samt betur að ætla árlega einhverja vissa upphæð fyrir óhöppum og tapi. Sum fjelög hafa marga sjóði af þessu tægi, auk hins venjulega varasjóðs, t. d. skuldtryggingarsjóð, verðbreytingasjóð o. s. frv. Í almennum samvinnulögum verður þetta tillag varla ákveðið nema eins og fast hundradsgjald á veltuna, með því að sum fjelög afhenda vöruna strax með kostnaðarverði, svo að ekki er um neinn tekjuafgang að ræða.

Til þess að varasjóður geti náð þeim tilgangi sínum að verða öflug trygging fyrir áframhaldandi vexti og viðgangi fjelags, er ekki einhlítt að safna fje í sjóð, heldur verður einnig að gjalda varhuga við skerðing fjárins að nauðsynjalausu. Með því að reynsla sumra fjelaga hefir sýnt og sannað, að í því efni hefir eigi verið gælt nægrar varkárni, eru hjer af ásettu ráði sett ströng skilyrði fyrir greiðslum úr sjóðnum.

#### Um 25. gr.

Veltufjárleysið er mesti þröskuldur í götu verslunarframfara hjer á landi; þjóðin verður að skulda, oft erlendis, fyrir miklum hluta af ársforda sínum. Ástæðan sú, að íslenskar afurðir seljast venjulega ekki fyr en seint eða seinast á árinu. Eina úrræðið er því að koma upp föstum veltufjár sjóði, þannig að hver heimilisfaðir eigi í sínu kaupfjelagi sjóð, sem nægi fyrir þeirri upphæð, sem hann verður að skulda í fjelaginu. Hjer er gert ráð fyrir, að þau samvinnufjelög, sem fást við vöruinnkaup, sjeu skyld til að leggja 3% á veltuna ár hvert til að auka með stofnsjóðseignina, með því að slík fjelög þurfa langmest veltufje. Aftur á móti er ekki gert ráð fyrir, að sama þörf sje um veltufje fyrir þau fjelög, sem nefnd eru í 2. og 3. lið 2. gr., og nær þetta ákvæði ekki til þeirra, þó að auðvitað sje æskilegt að slík fjelög efni líka til stofnsjóða, þó að iðgjöldin sjeu lægri. Það leiðir af sjálfu sjer, að ef stofnsjóður á að ná þessu takmarki, má ekki vera auðgengið að útborgunum. Stofnsjóður verður með þessum hætti einskona liftryggingarsjóður fjelagsmanna. Þó er höfuðtilgangur hans að gera íslenska verslun óháða í

fjármálum, tryggja hverjum borgara landsins, sem vill, hagstæða verslun, og gera hverju heimili kleift, með festu og sparsemi, að eignast nægilegt veltufje, til afnota við hin árlegu innkaup. Má því segja, að slík sjóðmyndun geti orðið verulegur þáttur í baráttu íslensku þjóðarinnar fyrir fjárhagslegu sjálfstæði.

#### Um 26. gr.

Með því að samvinnufjelög hafa litið annað veltufje en stofnsjóðstillög fjelagsmanna, en þau hljóta að hrökkva skamt til allra framkvæmda, sjerstaklega í vörukaupafjelögum, hafa þau fjelögin, sem lengst eru komin áleiðis og í fastast horf, tekið það ráð að stofna innlánsdeild til að taka við fje hjá fjelagsmönnum til ávöxtunar, og hefir það alstaðar vel gefist, eftir þeirri reynslu, sem þegar er fengin.

Hjer er því farið fram á að lögfesta þetta fyrirkomulag, en binda það ákveðnum skilyrðum, sem eru:

1. Að fjelögin hafi samábyrgð, er sje til tryggingar fyrir innlögum, auk vara-sjóðs og annara eigna.
2. Að einungis sje tekið við innlögum frá fjelagsmönnum, svo að þar með sje útilokað, að starfræksla innlánsdeildar komi í bága við lög um sparísjóði.

#### Um 27. gr.

Til þess að greiða fyrir viðskiftum samvinnufjelaga jafnt við fjelagsmenn sem utanfjelagsmenn, einkum í stærri kauptúnum, þykir nauðsynlegt að leysa þau undan þeirri kvöð, sem á kaupmönnum hvílir samkvæmt opnu brjefi 7. apríl 1841, að mega ekki hafa nema einn útsölastað í sama kauptúni, enda virðist tjeð ákvæði yfirleitt ekki svara tilgangi, auk þess sem örðugt reynist að tálma því, að farið sje á snið við það með ýmsu móti.

#### Um 28. gr.

Í því nær öllum löndum, þar sem samvinnufjelög starfa, gilda sjerstök fyrirmæli um skattskyldu þeirra. Svo er t. d. á Englandi og Norðurlöndum öllum. Þessi sjerstaða er byggð á sjereðli þessara fjelaga. Menn hafa fundið, að fyrirtæki, sem ekki eru rekin í gróðaskyni, eiga ekki í skattamálum samleið við atvinnufyrirtæki einstaks manns eða fjelaga, þar sem takmarkið eitt er að græða og mikið græðist. Samvinnufjelögin skortir þess vegna aðalskilyrðið, þ. e. sjálfstæðan gróða, sem á þarf að byggja, þegar um er ræða tekjuskatt eða útsvar eftir efnum og ástæðum.

Íslensk löggjöf hefir viðurkent sjerstöðu þeirra samvinnufjelaga, er útvega vörur með kostnaðarverði, fyrst með lögum nr. 7, 1896, og síðast með lögum nr. 50, 1919. En síðan þau lög voru fyrst samin, eru kringumstæður mjög breyttar. Nýjar tegundir samvinnufjelaga hafa myndast, sem gildandi lög vernda ekki eins og vera ætti. Málaferli og deilur út af skattskyldunni hafa titt átt sjer stað, og eiga sjer enn stað, sem auðvelt væri að koma í veg fyrir með rjettlátri löggjöf um skattskyldu samvinnufjelaganna. Er þess því fremur þörf, ef við útsvarsmálin bætast nú nýjar og ekki allskostar eðlilegar skattakröfur á hendur fjelögunum frá ríkisins hálfu.

Sjerstöðu samvinnufjelaganna í skattamálum verður að marka í hinum almennu skattalögum ríkisins. En sumar þjóðir láta líka þessi sjerstöku skattafyrirmæli koma fram í sjálfum samvinnulögum. Þannig er t. d. í 24. gr. ensku

samvinnulaganna beint tekið fram, að skrásett samvinnufjelög skuli vera undanþegin tekjuskatti til ríkisins. Að ekki eru tekin upp í ensku samvinnulögin samskonar fyrirmæli viðvikjandi sveitarútsvörum, kemur af því, að öll sveitargjöld í Englandi eru lögð á afnot fasteigna, en ekki jöfnuð niður eftir efnunum og ástæðum. Þar getur þess vegna ekki verið um nokkra hlutdrægni að ræða við niðurfjöfnun sveitargjalda, eins og stundum þykir brenna við hjer á landi. Engar deilur hafa orðið í Englandi um sveitargjöldin. Aftur á móti beita samvinnumenn þar í landi sjer einhuga móti því, að lagður verði skattur á sjóði fjelaganna, þar á meðal varasjóð. Með því að Bretar hafa mesta reynslu í samvinnulöggjöf af öllum þjóðum, hafa lög þeirra að nokkru leyti verið höfð til hliðsjónar við þessa grein frumvarpsins. Fyrst það, að setja skattamálaákvæðin inn í samvinnulögin, og í öðru lagi að ráða fram úr útsvarsmáli samvinnufjelaga með fasteignaskatti.

Til að augljósara verði, hvers vegna sjerstök skattafyrirmæli hljóta að gilda um samvinnufjelög, verður að líta á einstök atriði í skattalöggjöf vorri, sem og nábuþjóðanna.

Hjer á landi eru ýms fyrirtæki, að frátöldum eignum ríkisins og bæjarfjelaga, undanþegin opinberum gjöldum. Má þar nefna Íslandsbanka, sparissjóði, sem ekki eru gróðafjelög einstakra manna, svo og Söfnunarsjóðinn. Þegar þess er gætt, að Landsbankinn er vitanlega einnig undanþeginn sköttum, kemur í ljós, að hjer um bil alt veltufje landsmanna, nema það, sem samvinnufjelögin eiga í sjóðum sínum, er nú undanþegið skattgjaldi í peningastofnununum sjálfum. Og ástæðan er hin sama alstaðar, nema um Íslandsbanka, sem sjerstaklega stendur á með, að þessir sjóðir eru ekki skattlagðir, af því álitid er, að þeir vinni almenningi, en ekki einstökum mönnum, gagn.

Hjá frændum vorum á Norðurlöndum eru undanþágurnar fleiri. Danir láta þannig vera undanþegnar skatti *tekjur gróðafjelaga*, ef þeim er varið til góðgerða, mentunar, lista eða vísinda. Sama gildir um veðlánsfjelög, ef þau vinna til almenningsheilla, en ekki til að afla einstökum mönnum fjár. Enn fremur eru undanþegin skatti kaupfjelög og sölufjelög, ef þau skifta eingöngu við fjelagsmenn.

Sviar láta vera skattfrjálst: Búnaðarfjelög, allskonar mentastofnanir, styrktarsjóði og góðgerðafyrirtæki, veðlánsbanka og veðlánsfjelög, sparissjóði og samvinnufjelög, að því leyti er snertir endurborgaðan tekjuafgang af viðskiftum.

Í Noregi gilda svipuð fyrirmæli. Allar mentastofnanir eru undanþegnar skatti til ríkis og sveitarfjelaga, veðbankinn, veðlánsfjelögin, brunabótafjelög landsins, sjúkrahús, svo og samvinnufjelög, að því leyti er snertir skifti fjelagsmanna.

Í löggjöf Íslands, og þó einkum í löggjöf grannþjóðanna, er með tilliti til skattskyldu gerður munur á þessum tveim flokkum:

1. Þeir, sem vinna almenningi gagn fyrst og fremst: Mentastofnanir, sjúkrahús, veðbankar og veðlánsfjelög, sparissjóðir og samvinnufjelög. Þessar stofnanir eru annaðhvort alveg skattfrjálssar eða greiða aðeins skatt að litlu leyti. T. d. samvinnufjelög vegna skifta utanfjelagsmanna. Veðlánsfjelögin eru hrein samvinnufjelög, og eru þau í öllum þessum löndum undanþegin skatti.
2. Þeir, sem leitast við að græða fje handa sjálfum sjer, hvort heldur einstaklingur eða fjelag. Þar er skattbyrði til ríkis og sveitar lögð á eftir efnunum og ástæðum.

Íslensk skattalöggjöf er í þessu efni að eins á einu sviði frábrugðin samskonar löggjöf í næstu löndum. Samvinnufjelögin eru hjer látin greiða sveitargjöld

eftir sömu reglum og gróðastofnanir. Þannig borgar eitt kaupfjelag hjer á landi til Akureyrarbæjar 15000 kr. útsvar. En Samband norskra samvinnufjelaga í Kristianíu greiddi árið 1919 í alla skatta til ríkis og bæjar að eins 14074 kr. Þó nær sú heildsala yfir 300 kaupfjelög í öllu landinu, en greiðir samt minna til allra opinberra þarfa heldur en eitt kaupfjelag hjer á landi í útsvar. Og danska samvinnuheildsalan, Fællesforeningen, sem árið 1919 hafði um 80 miljóna króna veltu, fyrir utan hin mörgu iðnaðarfyrirtæki sín, greiðir að eins fasteignaskatta. En af sanngirnisástæðum gefur Fællesforeningen nokkra fjárhæð árlega í bæjar-sjóð Kaupmannahafnar fyrir vernd og aðstöðuhagræði í bænum. Til samanburðar má geta þess, að Samband íslenskra samvinnufjelaga greiddi í fyrra í útsvar í Reykjavík 35 þúsund krónur, og ef búið hefði verið þá að lögfasta tekjuskattsfrumvarp það, sem nú er lagt fyrir þingið, myndi Sambandið enn fremur hafa orðið að greiða til ríkissjóðs 17955 kr. af þeim 70 þús., er það lagði það ár í varasjóð sinn.

Þar sem nú enginn óhlutdrægur maður mun neita því, að samvinnufjelögin hjer á landi hafa valdið miklu um framför landsins á síðustu 40 árunum, bætt verslunina, aukið vöruvöndun, aukið ráðdeild og fyrirhyggju almennings, í stuttu máli unnið þýðingarmikið verk í þágu þjóðfjelagsins, þá verður því ekki neitað, að aðstaða fjelaganna í skattamálum er miður rjettlát eða líkleg til góðra afleiðinga.

Með frumvarpi þessu er reynt að bæta úr þessum annmarka. Samvinnufjelögunum er þar ákveðin öll sú gjaldabyrði til ríkis og sveitarfjelaga, sem rjettlát má teljast og leiðir af eðli málsins og kringumstæðum hjer á landi. Fjelögin eru sett á bekk hliðstætt samskonar fyrirtækjum hjá öðrum þjóðum, sem meiri hafa reynslu og skipulag í skattalöggjöfnni. Ef sum ákvæði í þessu frumvarpi gætu talist vægari í garð samvinnufjelaganna heldur en á sjer stað hjá ofan nefndum nábúafjóðum, þá eru aftur önnur ákvæði óhagstæðari, sem meira en vega á móti, t. d. aukaskattur á húseignum til bæjarsjóða.

Til ríkissjóðs er gert ráð fyrir tvenskona skatti: Fyrst af löndum og lóðum og öðrum fasteignum, þar með talin skip, eftir því sem lög mæla fyrir á hverjum tíma. Í öðru lagi tekjuskattur af arði, sem leiðir af skiftum utanfjelagsmanna, sem er einskonar kaupmannsagóði, og því háður sömu reglum.

Með því að sveitar- og bæjarfjelög láta samvinnufjelögum víðast hvar hjer á landi nokkur hlunnindi í tje, t. d. afnot af vegum í kaupstöðum, götuljós og lögregluvernd, er sanngjarnt, að samvinnufjelögin greiði nokkurn fastan skatt, sem rennur til bæjarfjelagsins fyrir áðurnefnd og skyld hlunnindi. Er það greiðsla sama eðlis og hafnar- og bryggjugjöld fyrir afnot þeirra mannvirkja. Um tvo fyrstu liðina má segja, að þeir sjeu sjálfsagðir. Sundurgreining á veltu innan- og utanfjelagsmanna er mjög auðveld og örugg í samvinnufjelögum, þar sem bókfæra verður nákvæmlega skifti hvers fjelagsmanns, vegna tekjuafgangs þess, er honum kann að áskotnast í árslokin. Norðmenn hafa þetta fyrirkomulag, og gefst vel. Þriðji liðurinn er nokkur nýjung hjer á landi. Er þar að nokkru líkt eftir sveitargjalda-fyrirkomulagi Breta. Þessi fasti húseignaskattur er framlag frá fjelagsins hálfu fyrir afnot af vegum, ljósum o. s. frv., að því leyti, sem hinir fyrnefndu skattar ekki þættu hrökkva til. Að visu er skattur þessi fastur, en þar sem stórt og mannmargt fjelag hlýtur að jafnaði að hafa stærri og verðmeiri byggingar til afnota heldur en lítið og fáment fjelag, þá má segja að skattur þessi geti verið

hækkandi í eðlilegum hlutföllum. Og um fyrsta liðinn er það að segja, að þar hafa sveitarfjelögin opna leið til að koma við hækkandi skatti, með því að gera nokkurn hluta sveitargjaldanna að verðhækkunarskatti á lönd og lóðir. Eitt kauptún hjer á landi æskir nú eftir heimildarlögum til slíkra breytinga. Tilgangur þessarar greinar frumvarpsins er að finna rjettlátan grundvöll í skattamáli samvinnufjelaga, þar sem bæði ríki og sveitarfjelög fá af fjelögunum þær tekjur, sem rjettlátar eru og sanngjarnar, en á hinn bóginn fyrirbyggja gerræði og hlutdrægni, sem auðveldlega getur komið til greina, ef lagafyrirmæli, er þar að lúta, eru svo ónákvæm, að unt er að blanda saman þjóðbætandi stofnunum og sjálfstæðum gróðafyrirtækjum. Er hin sama nauðsyn að tryggja samvinnufjelögin í þessu efni eins og aðrar þjóðir hafa gert, bæði um þann fjelagsskap, sparisjóði, veðbanka, veðlánsfjelög og jafnvel gróðafjelög, ef þau verja gróða sínum til almennra þarfa.

Hjer er gert ráð fyrir að fygja sem mest hinu gamla enska fyrirkomulagi, að skattleggja sem minst sjóði fjelaganna, enda síst þörf, þar sem hinir áður greindu skattaliðir bæta meir en títt er annars staðar aðstöðuhagræði fjelaganna. Sjóðir fjelaganna eru þrennskonar:

1. Innlánsdeild.
2. Stofnsjóður.
3. Varasjóður (o. fl. óskiftilegir sjóðir).

Tveir hinir fyrnefndu sjóðir eru blátt áfram sparisjóðir fjelagsmanna, og gilda því vitanlega um þá rjettindi almennra sparisjóða. Ef greiða ætti af þeim gjöld til bæjarfjelaga eða ríkis, væri um bersýnilega hlutdrægni að ræða. Aftur á móti koma innieignir manna í sjóðum þessum vitanlega til að hera öll opinber gjöld, þar sem eigendurnir eru búsettir. Innieign í þessum sjóðum er nærfelt ómögulegt að leynd fyrir hlutaðeigandi skattanefndum, með því að allar slíkar fjárreiður samvinnufjelaga eru á margra manna vitorði. Aftur á móti fullyrða bankafróðir menn, að mikið af innieignum í bönkum og sparisjóðum fari fram hjá skattanefndum. Borgar þá hvorki eigandinn eða stofnunin af fjenu. En væri tvíborgað af sjóðum samvinnufjelaganna, yrði misrjetti það, er þau væru beitt, alveg ómótmælanlegt.

Um varasjóð er að því leyti öðru máli að gegna, að hann er sjálfstæður sjóður og óskiftilegur. En samkvæmt frumvarpi þessu er hann í raun og veru opinber sjóður og almenningsseign. Að tvennu leyti er þá varasjóður þvillks fjelags frábrugðinn varasjóði hlutafjelags. Meðan fjelagið starfar er sjóðurinn til öryggis allri starfsemi þess. Og þar sem samvinnufjelag er opið öllum, án tillits til efna, og vinnur að almennum efnahagsumbótum, gerir varasjóður þjóðfjelaginu ekki minna gagn heldur en t. d. veðlánsfjelög eða sparisjóður. En við fjelagsslit er varasjóði ekki skift, heldur stendur undir eftirliti stjórnarvaldanna, þar til hann byrjar af nýju að vinna í þágu almennings.

Í öðru lagi mundi ríkis- eða sveitarskattur geta orðið nokkuð af handahófi á óskiftilega sjóði. Má benda á, að 25% skattur í ríkissjóð af árstekjum óskiftilegra sjóða, eins og nú er stungið upp á að geti komið til greina, myndi mjög draga úr áhuga fjelagsmanna að efla tryggingarsjóði. Ef bætt væri þar ofan á handahófsútsvari niðurjöfnunarnefndar, er ástæða til að óttast, að sjóðir þessir yrðu til einskis gagns. Sýnist og lítil þörf slíkrar álagningar, þar sem framlög íslenskra samvinnufyrirtækja til almennra þarfa verða hlutfallslega meiri samkvæmt þessu frumvarpi heldur en samkonar stofnanir greiða í Danmörku, Noregi

og Englandi. Enn fremur ber að líta á, að veltufjárskorturinn hefir á umliðnum öldum gert Íslendinga háða erlendu fjármagni. Sjóðir samvinnufjelaganna eru róttækasta úrræðið til að bæta úr þessu gamla þjóðarböli. Að leggja á þá sjóði óeðlilega skattabyrði, sem gerði fjelagsmenn ófúsa á að auka þá eftir fremsta megni, væri að vinna á móti framför landsins.

#### Um VI. kafla.

Tilgangur samvinnusambanda, sem um er rætt í sjötta kafla, er að koma til leiðar samstarfi meðal þeirra fjelaga, sem í sambandinu eru, og að því er snertir innkaupafjelög og framleiðslufjelög, að annast um vörukaup þeirra og vörusölu í einni heild.

#### Um 29.—32. gr.

Til þess að mynda slíkt samband þurfa að minsta kosti 3 fjelög að koma sjer saman um það. Um stofnun, skrásetningu og skipulag, fundarhöld, stjórn og endurskoðun gilda að miklu leyti sömu ákvæði, sem um samvinnufjelög yfirleitt, og þykir nægja að vísa til þess, sem um þau er greint hjer að framan.

Þó skal sjerstaklega bent á það, að sökum binna margháttuðu viðskifta, er fjelögin hljóta að hafa við sambandið, og vegna hins mikla trausts, sem þau þurfa að njóta, þykir nauðsynlegt, að sambandið hafi heimild til að kynna sjer allan hag þeirra á hverjum tíma sem er.

#### Um VII. kafla.

Eins og sjöundi kafli ber með sjer, er það tvent, sem fjelagsslitum getur valdið, ákvörðun fjelagsins sjálfs og gjaldþrot. Um hið fyrra eru sett sjerstök ákvæði, en um hið síðara fer eftir almennum lögum.

#### Um 33. gr.

Með því að ávalt er mikið í húfi, ef fjelagi er slitið, er áriðandi, að ekki sje að því hrapað fyrir litla sök. Í þessu efni þarf því að búa vel um hnúta, og er það gert með þeim ákvæðum, að ályktun um fjelagsslit sje því aðeins gild, að hún sje samþykkt á 2 fundum í röð með auknum meiri hluta atkvæða, og borin undir fjelagsmenn milli funda.

#### Um 34. gr.

Við fjelagsslit er auðvitað heimilt að afhenda búið skiftarjetti til meðferðar, en oftast mun það þykja haganlegra að fá það í hendur sjerstökum, þar til kjörnum mönnum eða skilaneftnd, er hafi á hendi sameinað hlutverk fjelagsstjórnar og skiftaforstjóra.

#### Um 35. gr.

Það virðist leiða af sjálfu sjer, að meðan fjelagsbú er undir skiftameð-

ferð, eigi forráðendur, fjelagsfundur og stjórn að hafa það á valdi sínu að stöðva fjelagsslitin, hve nær sem er, og endurreisa fjelagið.

Um 36. gr.

Að því er þessa grein snertir, vísast til laga nr. 7, 13. apríl 1894, um gjaldþrotaskifti.

Um 37. gr.

Ef sú breyting verður á hag fjelags, að það fullnægir ekki upphaflegum skilyrðum fyrir skrásetningu, ber að sjálfsgöðu að afmá hana, og er það skylda fjelagsstjórnar að tilkynna lögreglustjóra breytinguna.

Um 38. gr.

Með því að í gömlum gerðabókum og reikningabókum er fólgin mikill fróðleikur um sögu landsins, eru þær hvergi betur komnar en í þjóðskjalasafni.

Um VIII. kafla.

Með því að fyrirmæli almennra hegningarlaga geta naumast átt við um brot eða vanrækslu þeirra, sem fást við stjórn fjelaga, eru í áttunda kafla meðal annars tekin upp nokkur refsingarákvæði.

Um 39. og 40. gr.

Brot þau, sem hjer ræðir um, eru einkum fólgin í röngum skýrslum, en geta verið mismunandi, eftir því, hverjum þær eru gefnar, hve þýðingarmikið efni þeirra er og hvort rjettu máli er hallað af ásettu ráði. Refsingar þær, sem hjer koma til greina, eru fangelsi, ef miklar sakir eru, en annars sektir, og hefir ekki þótt þörf á að tiltaka hámark þeirra.

Um 41. gr.

Gjöld fyrir skrásetningarstörf lögreglustjóra er nauðsynlegt að ákveða, að því leyti sem þau eru ekki tekin upp í almenn aukatekjulög.

Um 42. gr.

Tímatakmark það, er lögunum er ætlað að öðlast gildi, er miðað við að frumvarpið verði samþykkt á Alþingi 1921.